

# Tölfræði prófa

---

Samantekt haust 2025 – vor 2026

**Guðrún Ásgeirsdóttir**  
30/6/2026



**AUSTURBRÚ**

þekking - þróun - þjónusta




## Prófaumsýsla Austurbrúar: Lykilhlutverk og fjölbreytt þjónusta

Prófaumsýsla er einn af hornsteinum starfsemi Austurbrúar og krefst nákvæmrar framkvæmdar samkvæmt ströngu verklagi. Verkefnið fela í sér móttöku, meðhöndlun og skönnun prófa, sendingu prófúrlausna og örugga meðferð persónugreinanlegra gagna. Austurbrú rekur starfsstöðvar á sjö stöðum á Austurlandi: Vopnafirði, Egilsstöðum, Borgarfirði Eystri, Seyðisfirði, Reyðarfirði, Neskaupstað og Djúpavogi.

Prófahald er mikilvægur þáttur í þjónustu Austurbrúar og dreifist jafnt yfir skólaárið, þó að háannatímar séu venjulega í lok annar og standi yfir í þrjár til fimm vikur. Háskólanemendur eru stærsti hópur próftaka. Ríkisborgarpróf en þjónustan nær einnig til framhaldsskólanema og þátttakenda í sérstökum námskeiðum, eins og vinnuvéla- og veiðikortaprófum.

## Prófstaðir og dreifing prófa


Á skólaárinu 2025–2026 voru alls tekin 744 próf á starfsstöðvum Austurbrúar, sem er 9,4% fækkun frá fyrra ári. Flest próf voru framkvæmd á Reyðarfirði, alls 293 próf, sem samsvarar um 39,4% af öllum prófum, þar af 158 á haustönn og 135 á vorönn. Egilsstaðir er næst fjölmennasti staðurinn, alls 292 próf eða 39,2% heildarinnar, þar af 173 á haustönn og 119 á vorönn. Neskaupstað voru tekin 74 próf eða rétt um 10%. Minni prófstaðir, þ.e. Borgarfjörður Eystri, Seyðisfjörður, Djúpvogur og Vopnafjörður, voru samanlagt með 85 próf á skólaárinu eða 11,4%. Þessi dreifing endurspeglar mikilvægi einstakra starfsstöðva í að tryggja aðgengi nemenda að prófum (sjá mynd 1).



Mynd 1. Fjöldi prófa eftir prófstað – sýnir dreifingu prófa á haustönn og vorönn á hverri starfsstöð

## Fjöldi próftaka og hópar þeirra


Á skólaárinu tóku 350 nemendur próf hjá Austurbrú, sem er fjölgun nemenda um 3.9 % fyrra ári. En skólaárið 2024-2025 var mesta fjölgun nemenda frá því að mælingar hófust árið 2013. Flestir nemendur sóttu próf á Reyðarfirði (136) og á Egilsstöðum (134). (sjá mynd 2).



Mynd 2. Fjöldi próftaka eftir prófstað – sýnir fjölda nemenda sem sóttu próf á hverri starfsstöð


Háskólanemendur voru stærsti hópurinn 288 nemendur eða 38,7 % . Langflest próf voru tengd Háskólanum á Akureyri, sem stóð fyrir tæplega helmingi allra prófa eða 47%. Nemendur frá Háskóla Íslands voru næststærsti hópurinn með um 17,3% prófa, Háskólinn í Reykjavík með 11,7%. Aðrir skólar, eins og Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskólinn, stóðu samanlagt fyrir 2,7 % prófa. Framhaldsskólinn með 13,7% og undir annað flokkast m.a. ríkisborgarapróf sem

aðeins voru tekin á haustönn. (sjá mynd 3).



Mynd 3. Hlutfall nemendahópa – sýnir dreifingu próftaka eftir hópum: háskólanemar, framhaldsskólanemar og aðrir hópar.


Á skólaárinu 2025–2026 sýnir mynd 4 skiptingu prófa og próftaka milli samstarfsskóla Austurbrúar. Langflest próf tengdust Háskólanum á Akureyri, sem stóð fyrir tæplega helmingi allra prófa og hafði einnig hæstan fjölda nemenda, eða 46% af próftökum. Háskóli Íslands kom næstur með um 20% prófa og Háskólinn í Reykjavík með 10,5% á meðan aðrir skólar, svo sem Háskólinn á Bifröst og Landbúnaðarháskóli Íslands, stóðu samanlagt fyrir um 2,5 % prófa. Hlutfall nemenda frá framhaldsskólum og í sérhæfðum námskeiðum var einnig áberandi, en þessir hópar tóku 17,3% prófa á árinu. Þetta sýnir breiddina í prófaþjónustu Austurbrúar og mikilvægi hennar í því að þjónusta fjölbreytta hópa nemenda úr ólíkum skólum og stofnunum. (sjá mynd 4).



Mynd 4. Fjöldi prófa og próftaka eftir skólum á skólaárinu 2025–2026 – sýnir skiptingu prófa og próftaka milli samstarfsskóla Austurbrúar

### Prófum og fjöldi nemenda fækkar

Á skólaárinu 2025–2026 tóku alls 350 nemendur próf hjá Austurbrú, sem er 15,3% fækkun frá fyrra skólaári. Þess bera að geta að ekki voru tekin Ríkisborgarapróf nema á haustönn og próf fyrir eftirlitsmenn hreindýra var ekki haldið þetta skólaárið sem skýrir að hluta til þessa fækkun. Ekki er lengur skráðar upplýsingar um kyn nemenda, þar sem nöfnin gefa ekki nægilega traustar vísendingar um kyn einstaklinga. (sjá mynd 5).




Mynd 5. Fjöldi nemenda eftir skólaárum – sýnir þróun fjölda nemenda sem sóttu próf hjá Austurbrú frá 2013 til 2026

## Fjöldi prófa eftir skólaárum

Á skólaárinu 2025–2026 voru alls framkvæmd 744 próf, sem nemur um 12.9% fækkun frá fyrra skólaári. Skólaárið einkenndist áfram af öflugri prófþjónustu á sjö starfsstöðvum. Þrátt fyrir fækkun frá fyrra ári voru 744 próf framkvæmd fyrir 350 próftaka og Reyðarfjörður og Egilsstaðir voru burðarásar þjónustunnar.

(sjá mynd 6).



Mynd 6. Fjöldi prófa eftir skólaárum – sýnir þróun prófafjölda frá 2013 til 2026

## Samantekt

Þrátt fyrir fækkun bæði í fjölda prófa og próftaka frá fyrra skólaári var umfang prófþjónustu Austurbrúar áfram mikið skólaárið 2025–2026. Alls sá Austurbrú um framkvæmd 744 prófa fyrir 350 nemendur.

Reyðarfjörður og Egilsstaðir voru áfram stærstu prófstaðirnir og stóðu saman undir tæplega 79% allra prófa. Aðeins munaði einu prófi á stöðunum: flest próf voru tekin á Reyðarfirði, alls 293 próf, sem samsvarar 39,4% af heildarfjölda prófa. Á Egilsstöðum voru tekin 292 próf, eða 39,2%. Í Neskaupstað voru tekin 74 próf, eða um 10% af heildinni.

Minni prófstaðirnir; Vopnafjörður, Djúpvogur, Borgarfjörður og Seyðisfjörður, voru samtals með 85 próf á skólaárinu, eða um 11,4% af heildarfjölda prófa. Þetta sýnir að þótt meginþungi þjónustunnar sé á Reyðarfirði og Egilsstöðum gegna minni prófstaðirnir áfram mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgengi nemenda að prófþjónustu í heimabyggð.



Þrátt fyrir breytingar milli skólaára sýna niðurstöður að prófaþjónusta Austurbrúar er traustur hluti af menntaþjónustu á Austurlandi. Áhersla verður áfram lögð á örugga framkvæmd, gott aðgengi og áframhaldandi þróun þjónustunnar í samvinnu við samstarfsskóla og próftaka.

